

REGLUGERÐ

um sérstakar greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins samkvæmt lögum nr. 29, 27. maí 1992, um viðauka við lög nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

1. gr.

Innstæðum á reikningum í nafni einstakra framleiðenda í deild fyrir unnar botnfiskafurðir, deild fyrir óunnar botnfiskafurðir og hörpudiskdeild Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins skal varið til greiðslu skulda þeirra eins og nánar er ákveðið í reglugerð þessari sbr. þó 4. gr.

Innstæður sem grein þessi tekur til skulu miðaðar við innstæður á hverjum reikningi hinn 1. júní 1992 í SDR talið miðað við gengi SDR gagnvart íslenskri krónu á útborgunardegi og að viðbættum áföllnum vöxtum sjóðsins frá 1. júní til útborgunardags.

2. gr.

Óskiptum innstæðum á sérstökum reikningum Verðjöfnunarsjóðs vegna saltfiskafurða og vegna humars skv. ákvæði til bráðabirgða í l. nr. 39/1990 skal eftir ráðstöfun skv. 4. mgr. 4. gr. skipt niður á einstaka framleiðendur og varið til greiðslu skulda þeirra með sama hætti og innstæðum er um ræðir í 1. gr. sbr. þó 3. gr.

Innstæðum skv. 1. mgr. skal skipt niður á framleiðendur í hlutfalli við þann þátt sem inngreiðslur vegna afurða einstakra framleiðenda áttu í myndun innstæðnanna. Skal nafnverð inngreiðslna vegna afurða einstakra framleiðanda færð til verðs á skiptadegi miðað við ávöxtun sjóðsins á hverjum tíma. Miða skal við árlega ávöxtun sjóðsins á innstæðum á reikningum fyrir humar og saltfiskafurðir.

Inngreiðslur innan hvers árs skulu færðar til sama verðlags með hliðsjón af gengisviðmiðun og ávöxtun sjóðsins. Hlutdeild hvers einstaks framleiðanda í innstæðu á reikningi fyrir humar og saltfiskafurðir, sbr. þó 4. mgr. 4. gr., er því næst ákvörðuð sem hlutfall milli framreiknaðra inngreiðslna einstaks framleiðanda og samtölu framreiknaðra inngreiðslna allra framleiðenda.

Varðandi skiptingu milli framleiðenda skv. þessari gr. skal byggt á upplýsingum útflytjenda og sölusamtaka.

3. gr.

Innstæður sem um er rætt í 2. gr. og myndaðar hafa verið af félögum sem slitið hefur verið fyrir 29. maí 1992 með öðrum hætti en sameiningu við önnur félög, skulu renna í óskiptan reikning Verðjöfnunarsjóðs. Sama á við hafi framleiðandi orðið gjaldþrota eftir að innstæða var mynduð eða ekki stundað framleiðslu sjávarafurða til útflutnings síðustu sex árin.

4. gr.

Áður en kemur til greiðslu skulda einstakra framleiðenda af reikningum sem um er rætt í 1. gr. skulu 30% af innstæðum á einstökum reikningum í deild fyrir óunnar botnfiskafurðir renna til lífeyrissjóða sjómanna eins og nánar er kveðið á um í 5. gr. Á sama hátt skulu renna til lífeyrissjóða sjómanna 32,5% af þeim hluta innstæðna á reikningum í deild fyrir unnar botnfiskafurðir sem myndast hafa vegna útflutnings afurða vinnsluskipa.

Með afurðum vinnsluskipa er í 1. mgr. átt við afurðir sem unnar eru úr afla um borð í veiðiskipi og fluttar út án frekari vinnslu. Sama á við afurðir vinnsluskipa sem sætt hafa frekari vinnslu í landi fyrir útflutning ef skiptaverð áhafnar miðast við verð afurða. Skal þá framleiðsluvirði í landi dregið frá heildarverði afurða áður en til útreiknings kemur. Við fullvinnslu afurða skipa sem vinna saltfisk um borð skal miða við að 15% af framleiðsluvirði hafi orðið til við landvinnslu.

Útgerðir vinnsluskipa skulu senda Verðjöfnunarsjóði þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hægt sé að aðgreina þann þátt sem afurðir vinnsluskipa hafa átt við myndun innstæðna á einstökum reikningum í deild fyrir unnar botnfiskafurðir.

Áður en til skiptingar kemur á innstæðum þeim sem um er rætt í 2. gr. skal 34 m.kr. af reikningi vegna humars og 16 m.kr. af reikningi vegna saltfiskafurða ráðstafað til lífeyrissjóða sjómanna samkvæmt ákvæðum 5. gr.

5. gr.

Greiðslum til lífeyrissjóða sjómanna skv. 4. gr. skal skipt milli sjóðanna í hlutfalli við iðgjöld vegna sjómanna á fiskiskipaflotanum til einstakra sjóða á árinu 1991.

Lífeyrissjóðir sjómanna skulu fyrir 1. júlí 1992 láta Verðjöfnunarsjóði í té upplýsingar um samanlögð iðgjöld atvinnurekenda og sjómanna er um ræðir í 1. mgr. á árinu 1991 samkvæmt skilgreinum atvinnurekenda til sjóðanna.

6. gr.

Innstæðum á nafni framleiðenda skal varið til greiðslu eftirtalinna skulda þannig að skuldir samkvæmt hverjum tölulið séu að fullu greiddar áður en kemur til greiðslu skulda samkvæmt næsta tölulið.

1. Afborgana og vaxta af veðskuldum hlutaðeigandi framleiðanda sem hvíla á eignum sem tengjast fiskveiðum og fiskvinnslu og gjaldfallnar voru hinn 29. maí 1992. Skuldir sem tryggðar eru með lögveði í viðkomandi eignum teljast til veðskulda í þessu sambandi en aðfararveð sem stofnað hefur verið með fjárnámi eða lögtaki í þessum eignum fyrir skuldum er falla undir 2. og 3. tölulið veldur því ekki að skuldir teljist falla undir þennan tölulið. Skuldir sem tryggðar eru með veði í framleiðsluvörum framleiðanda falla ekki undir þennan tölulið.
2. Skattskulda framleiðanda við ríki og sveitarfélög sem gjaldfallnar voru hinn 29. maí 1992 og vaxta af þeim. Til gjaldfallinna skattskulda framleiðanda í þessu sambandi telst fé sem framleiðandi hefur haldið eftir af launum starfsmanna sinna vegna staðgreiðslu opinberra gjalda starfsmanna og borið að standa skil á til innheimtuaðila fyrir hinn 29. maí 1992.
3. Annarra gjaldfallinna skulda framleiðanda og vaxta af þeim enda liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar um að skuldirnar tengist fiskveiðum og fiskvinnslu sbr. 7. gr.
4. Afborgana og vaxta af skuldum sem um er rætt í 1. tölulið sem falla í gjalddaga eftir 29. maí 1992 en fyrir lok ársins 1992.
5. Lækkunar höfuðstóls skulda er um ræðir í 1. tölulið enda liggi fyrir samþykki skuldareiganda.

Reynist innstæða framleiðanda lægri en heildargreiðsla skulda í einhverjum þeirra flokka sem falla undir 1.-4. tl. þegar að þeim flokki kemur skal henni ráðstafað til greiðslu þeirra í hlutfalli við fjárhæð gjaldfallinna krafna.

7. gr.

Þeir framleiðendur sem telja sig falla undir ákvæði reglugerðar þessarar skulu fyrir 1. júlí 1992 senda Verðjöfnunarsjóði yfirlit yfir gjaldfallnar skuldir þann 29. maí 1992 sbr. 1.-3. tl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar þessarar á þar til gerðum eyðublöðum eða í öðru því formi sem sjóðurinn ákveður.

Yfirliti samkvæmt 1. mgr. skal fylgja staðfesting löggilts endurskoðanda á fjárhæð einstakra gjaldfallinna skulda og að þær fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru fyrir því, sbr. 6. gr., að skuld teljist til viðkomandi flokks.

Verði staðfestingu löggilts endurskoðanda ekki við komið skal fylgja yfirliti veðbókarvottorð, staðfesting kröfuhafa á fjárhæð gjaldfallinna afborgana og vaxta af veðskuldum, staðfesting gjaldheimtu eða innheimtumanns á skattskuld og greinargerð um lausaskuldir. Í greinargerð um lausaskuldir skulu koma fram upplýsingar um kröfuhafa, fjárhæð einstakra krafna og tengsl þeirra við rekstur útgerðar og fiskvinnslu. Ennfremur skal þá fylgja með ársreikningur fyrir árið 1991.

Óski framleiðandi sem á hæri innstæðu í Verðjöfnunarsjóði en sem nemur gjaldföllnum skuldum sbr. 1.-3. tl. 1. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar eftir að innstæðan gangi til greiðslu afborgana og vaxta af veðskuldum sem falla í gjalddaga eftir 29. maí en fyrir árslok 1992, sbr. 4. tl. 1. mgr. 6. gr., skal hann senda Verðjöfnunarsjóði yfirlit yfir þær skuldir ásamt áætlun um greiðslu á hverjum gjalddaga. Verðjöfnunarsjóður skal annast þessar greiðslur meðan innstæða er fyrir hendi.

Reynist innstæða vera fyrir hendi á reikningi framleiðanda eftir að allar skuldir skv. 1.-4. tl. 1. mgr. 6. gr. hafa verið inntar af hendi getur framleiðandi óskað eftir því, sbr. 5. tl. 1. mgr. 6. gr. að það sem eftir stendur gangi til að greiða ógjaldfallinn hluta höfuðstóls þeirra skulda er um ræðir í 1. tl. 1. mgr. 6. gr. Skal slíkri ósk fylgja samþykki kröfuhafa og yfirlit yfir þær greiðslur sem óskað er eftir að inntar verði af hendi.

8. gr.

Verðjöfnunarsjóður skal sannreyna innsendar upplýsingar skv. 7. gr. eftir því sem ástæða þykir til.

Berist sjóðnum fyrir 1. júlí 1992 ósk frá kröfuhafa um greiðslu gjaldfallinnar skuldar skv. 1.-3. tl. 1. mgr. 6. gr. sem ekki kemur fram á yfirliti framleiðanda skv. 7. gr., en er í flokki skulda sem greiðist upp í sbr. 6. gr., skal sjóðurinn leita staðfestingar framleiðanda á því að skuldin sé óumdeild. Reynist svo vera skal slík skuld greidd að jöfnu við aðrar skuldir í sama flokki. Verðjöfnunarsjóður skal hins vegar ekki hafa frumkvæði að því að leita uppi kröfuhafa sem ekki koma fram á yfirlitum skv. 7. gr.

Þegar innsendar upplýsingar hafa verið yfirfarnar skal sjóðurinn inna af hendi greiðslur til einstakra kröfuhafa hvers framleiðanda í samræmi við ákvæði 6. gr. Skal framleiðanda síðan send skilagrein um greiðslur sem inntar hafa verið af hendi ásamt kvittunum um einstakar greiðslur.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 29, 27. maí 1992, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið 2. júní 1992.

Ólafur G. Einarsson.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um ráðstafanir til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 757 (1992) um refsiaðgerðir gegn Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi).

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1969, um framkvæmd fyrirmæla öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna hefur ríkisstjórnin ákveðið að beita ákvæðum laganna til að framfylgja ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 757 (1992) frá 30. maí 1992, um refsiaðgerðir gegn Sambandslýðveldinu Júgóslavíu (Serbíu og Svartfjallalandi) og setur hér með eftirfarandi fyrirmæli: